Reykjanesbær 19.febrúar 2019.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Málefni: Frumvarp til laga um endurgreiðslur til félagasamtaka til almannaheilla vegna mannvirkjagerðar og annarra framkvæmda.( Þingskjal 136 — 136. mál.)

Íþróttabandalag Reykjanesbæjar (ÍRB) lýsir yfir fullum stuðningi við frumvarp á þingskjali 136. Frumvarpið er mjög jákvætt innlegg til uppbyggingar innan Íþróttahreyfingarinnar og mikið framfaraspor. Þetta mun verða hvatning til félaga innan ÍRB til frekari uppbyggingar hvað varðar mannvirki. Þetta mun auka mönnum þrótt til að bæta aðstöðu fyrir börn og unglinga. Íþróttafélögin innan ÍRB standa að miklu forvarnar og æskulýðsstarfi í bæjarfélaginu öllum til heilla. Í stóru og ört vaxandi bæjarfélagi eins og Reykjanesbæ yrði þetta frumvarp afar hjálplegt til góðra verka.

Virðingarfyllst:
Rúnar V. Arnarson
Formaður Íþróttabandalags